

Ályktunartillögur stjórnar

fyrir aðalfund félagsins 20. mars 2019

Dagskrárlíður 2

Tillaga um staðfestingu á ársreikningi félagsins.

Stjórn félagsins leggur til að ársreikningur félagsins fyrir árið 2018 verði samþykktur.

Greinargerð:

Finna má ársreikning samstæðunnar vegna ársins 2018 á vefsíðu VÍS; www.vis.is/fjarfestar. Ársreikningurinn verður kynntur af forstjóra VÍS, Helga Bjarnasyni.

Dagskrárlíður 3

Tillaga um ráðstöfun hagnaðar félagsins.

Stjórn félagsins leggur til að félagið greiði hluthöfum arð sem nemur kr. 1,07 á hlut fyrir árið 2018. Heildarfjárhæð arðgreiðslunnar er um 2.044 milljónir króna. Arðsákvörðunardagur er 20. mars 2019 sem þýðir að skráðir hluthafar í lok dags 22. mars 2019 (arðsréttindadagur) eiga rétt á arðgreiðslu. Arðleysisdagur er því 21. mars 2019 sem er fyrsti viðskiptadagur eftir arðsákvörðunardag og útborgunardagur er 29. mars 2019 (arðgreiðsludagur).

Greinargerð:

VÍS hefur skilgreint áhættuvilja félagsins út frá gjaldþolshlutfalli sem er á bilinu 1,35 – 1,70. Arðgreiðslustefna félagsins er að greiða allt að 100% af hagnaði hvers árs eftir skatta í arð. Arðgreiðslufjárhæð skal þó aldrei leiða til lægra gjaldþolshlutfalls eftir greiðslu arðs en áhættuvilji félagsins segir til um. Tillaga stjórnar um fjárhæð arðgreiðslu nemur rétt tæplega 100% af hagnaði ársins 2018. Gjaldþolshlutfall samstæðunnar án arðgreiðslu er 1,60 en að teknu tilliti til arðgreiðslu er hlutfallið 1,40 í árslok 2018.

Dagskrárlíður 4

Tillaga um starfskjarastefnu og kaupaukakerfi

Stjórn leggur til að starfskjarastefna félagsins eins og hún er lögð fram af stjórn fyrir aðalfund verði samþykkt. Starfskjarastefna með upplýsingum um kaupaukakerfi er í sérstöku skjali sem fylgir ályktunartillögum þessum.

Greinargerð:

Þær efnislegu breytingar eru gerðar frá starfskjarastefnu fyrra árs að kaupaukakerfi félagsins er útvíkkað með því að bætt er við þrepi 2, sem er almennt kaupaukakerfi starfsmanna. Kerfið er byggt upp á sameiginlegum markmiðum, fjárhagslegum og stefnumarkandi, allra starfsmanna, utan starfsmanna lykilstarfssviða. Allir starfsmenn í þessu þrepi fá greidda sömu fjárhæð í samræmi við árangur heildarinnar.

Dagskrárlíður 5

Tillaga um lækkingu hlutafjár vegna kaupa á eigin hlutum skv. endurkaupaáætlun

Stjórn félagsins leggur fram eftirfarandi tillögu til samþykktar á aðalfundi félagsins:

„Aðalfundur VÍS, haldinn 20. mars 2019, samþykkir að lækka hlutafé félagsins úr kr. 1.952.642.307 að nafnverði í kr. 1.910.042.307 að nafnverði, og að eigin hlutir félagsins að nafnverði kr. 42.600.000 verði þannig ógiltir. Tillagan er samþykkt með fyrirvara um samþykki Fjármálaeftirlitsins sbr. kröfur reglugerðar ESB nr. 2015/35 sbr. 51. gr. reglugerðar nr. 585/2017 og samþykki fyrirtækjaskrár RSK. Að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins skal stjórn félagsins heimilt að uppfæra samþykktir félagsins til samræmis við hlutafjárlækkunina.“

Greinargerð:

Á aðalfundi Vátryggingafélags Íslands hf. (VÍS) þann 22. mars 2018 var samþykkt að heimila stjórn, í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun, að kaupa á næstu 18 mánuðum allt að 10% af hlutfé félagsins þ.e. að hámarki kr. 220.264.231 hluti að nafnverði. Stjórn VÍS tók á grundvelli fyrrgreindrar samþykktar tvisvar ákvörðun um framkvæmd endurkaupaáætlunar. Fyrst var tekin ákvörðun þann 17. ágúst 2018 um kaup á eigin hlutum að nafnverði kr. 26.500.000, á grundvelli heimildarinnar, og tilkynnt var um lok endurkaupa á grundvelli áætlunarinnar þann 12. nóvember 2018, en þá hafði hámarki endurkaupaáætlunarinnar verið náð. Þann 19. nóvember 2018 tók stjórn á ný ákvörðun um kaup á eigin hlutum á grundvelli sömu heimildar hluthafafundar, um kaup á eigin hlutum að nafnverði kr. 22.500.000. Þann 31. desember 2018 var tilkynnt um lok endurkaupa, en þá höfðu verið keyptir 16.100.000 hlutir á grundvelli áætlunarinnar. Alls voru því keyptir eigin hlutir að nafnverði kr. 42.600.000 á grundvelli heimildar aðalfundar 2018.

Endurkaupaáætlanir félagsins voru framkvæmdar í samræmi við II. kafla viðauka reglugerðar nr. 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðssvik.

Dagskrárliður 6

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins

Stjórn leggur einnig til eftirfarandi breytingar á samþykktum félagsins:

Tillaga I: Verði tillaga samkvæmt dagskrárlíð 5 um lækkun hlutfjár samþykkt, skal stjórn félagsins heimilt, að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins, að uppfæra 3. gr. samþykkt félagsins til samræmis við samþykkt hlutfjárökkun, þannig að 3. gr. orðist svo:

„Hlutfé félagsins er kr. 1.910.042.307 – einn milljarður níu hundruð og tíu milljónir fjörutíu og tvö þúsund þrjú hundruð og sjö krónur – og skiptist í jafnmarga hluti.“

Greinargerð með tillögu: Breytingartillagan skýrir sig sjálf, og er háð því að tillaga skv. dagskrárlið 9 verði samþykkt.

Tillaga II: Lagt er til að breyting verði gerð á 12. gr. samþykkt félagsins þess efnis að skv. 3. mgr. verði heimilt að boða til hluthafafundar með auglýsingu í fréttakerfi Kauphallar (er nú: „með rafrænum hætti“). 4. gr. verði breytt þannig að frestur hluthafa til að fá mál tekin upp á hluthafafundi verði ákveðinn sem 10 dagar fyrir hluthafafund (er nú: „með það löngum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins“) og bætt við orðalagi þess efnis að félagið þurfi að birta þau skjöl sem lögð verða fyrir hluthafafund, s.s. ársreikning og skýrslu stjórnar, áritun endurskoðenda, sem og ályktunartillögur stjórnar eða eftir atvikum athugasemdir frá þar til bærrí stofnun í félaginu, tillögu um starfskjarastefnu, ásamt upplýsingum um heildarfjölda hluta og atkvæða á fundarboðsdegi, eigi síðar en þremur vikum fyrir hluthafafund. Samhliða verði 5. mgr. breytt þannig að endanleg dagskrá og tillögur verði birtar viku fyrir hluthafafund, en orðalag þeirra málsgreinar mælir nú fyrir um að birta skuli endanlega dagskrá og tillögur tveimur vikum fyrir aðalfund. Ákvæði 3. og 4. mgr. 12. gr. muni því eftirleiðis orðast svo:

„Til hluthafafunda skal stjórnin boða með auglýsingu í dagblöðum eða með auglýsingu í fréttakerfi Kauphallar.“

Í fundarboði skal greina málefni þau sem taka á til meðferðar á hluthafafundi. Ef taka á til meðferðar á fundinum tillögu til breytinga á samþykktum félagsins skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði. Þá skulu þau skjöl sem lögð verða fyrir hluthafafund, s.s. ársreikning og skýrslu stjórnar, áritun endurskoðenda, sem og ályktunartillögur stjórnar eða eftir atvikum athugasemdir frá þar til bærrí stofnun í félaginu, tillögu um starfskjarastefnu, ásamt upplýsingum um heildarfjölda hluta og atkvæða á fundarboðsdegi, birt eigi síðar en þremur vikum fyrir hluthafafund. Hluthafi á rétt á því að fá ákveðin mál tekin fyrir á hluthafafundi, ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til stjórnar með að minnsta kosti 10 daga fyrirvara.

Viku fyrir hluthafafund skal senda út endanlega dagskrá og tillögur.“

Greinargerð með tillögu: Lagt er til að tekin verði af öll tvímæli í 3. mgr. að birting fundarboðs í fréttakerfi Kauphallar teljist fullnægjandi auglýsing hluthafafundar. Slík birting hefur verið viðhöfð frá því að félagið var skráð á markað, svo sem skylt er. Þá er lagt til að frestur hluthafa til að fá mál tekin upp á hluthafafundi verði ákveðinn sem 10 dagar fyrir hluthafafund til samræmis við 86. gr. laga um hlutfélög nr. 2/1995. Þetta er sami frestur og stjórn hefur tilgreint í fundarboði um nokkurt skeið, en réttara er talið að fresturinn sé fastákveðinn í samþykktum félagsins. Þá er lagt til að við 4. mgr. verði bætt orðalagi þess efnis að félagið þurfi að birta þau skjöl sem lögð verða fyrir hluthafafund, sem og ályktunartillögur stjórnar eða eftir atvikum athugasemdir frá þar

til bærrí stofnun í félaginu, ásamt upplýsingum um heildarfjöldu hluta og atkvæða á fundarboðsdegi, eigi síðar en þremur vikum fyrir hluthafafund, sem er til samræmis við kröfur til skráðra félaga í 88. gr. d. í lögum um hlutafélög nr. 2/1995. Að lokum er lagt til að 5. mgr. ákvæðisins verði breytt þannig að endanleg dagskrá verði send út viku fyrir bæði hluthafafund og aðalfund. Þar sem stjórn ber að birta tillögur sínar og dagskrá þess efnis sem stjórn hyggst bera undir aðalfund með fundarboði, sem sent er út 3-4 vikum fyrir aðalfund, sbr., en þeir dagskrárlíðir og tillögur sem bæst geta við eru eingöngu þeir dagskrárlíðir og tillögur sem berast frá hluthöfum, en lagt er til að hluthafar hafi tækifæri til að koma slíku á framfæri þar til 10 dagar eru til fundar.

Tillaga III: Lagt er til að bætt verði við 7. tl. 13. gr. tilgreiningu þess að á dagskrá hluthafafundar sé að ákveða þóknun til undirnefnda stjórnar. Ákvæði 7. tl. 13. gr. muni því eftirleiðis orðast svo:

„7. Ákvörðun um þóknun til stjórnarinnar, undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar.“

Greinargerð með tillögu: Tillagan skýrir sig sjálf.

Tillaga IV: Lagt er til að 15. gr. a. sem fjallar um tilnefningarnefnd félagsins verði endurskoðað, samhliða því að starfsreglur tilnefningarnefndar eru endurskoðaðar. Ákvæði samþykktanna er einfaldað og lagt til að nefndarmenn verði þrír kjörnir á hluthafafundi. Ekki er gert ráð fyrir að stjórnarmenn sitji í tilnefningarnefnd. Ákvæði 15. gr. a. muni því eftirleiðis orðast svo:

„Innan félagsins skal starfa tilnefningarnefnd. Tilnefningarnefnd skal hafa það hlutverk að undirbúa stjórnarkjör í félaginu og vera ráðgefandi fyrir hluthafa við kosningu stjórnarmanna á aðalfundi þess eða eftir atvikum þeim hluthafafundum þar sem stjórnarkjör er á dagskrá.“

Markmið nefndarinnar er að skapa hluthöfum fullnægjandi forsendur fyrir upplýstri ákvörðunartöku við kjör stjórnar félagsins. Fjöldi nefndarmanna skal vera þrír kjörnir á hluthafafundi. Heimilt er að halda sérstakan hluthafafund þar sem kosið verður í tilnefningarnefnd og skal sá hluthafafundur ekki haldinn síðar en 6 mánuðum fyrir aðalfund.

Meirihluti nefndarmanna skal vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess. Við mat á óháði nefndarmanna skal miðað við sömu sjónarmið og þegar óháði stjórnarmanna er metið. Þá skal að lágmarki einn nefndarmaður vera óháður hluthöfum félagsins sem eiga virkan eignarhlut í félaginu, einir eða í samstarfi við aðra.

Stjórnarmönnum, stjórnendum eða öðrum starfsmönnum er ekki heimilt að eiga sæti í nefndinni.

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í tilnefningarnefnd skulu tilkynna stjórn um framboð sitt skemmst fimm dögum fyrir hluthafafund á þar til gerðu eyðublaði. Stjórn skal fara yfir framboðstilkynningar og gefa hlutaðeigandi með sannanlegum hætti kost á því að bæta úr þeim göllum sem eru á tilkynningunni innan tiltekins frests. Upplýsingar um framboðendur til setu í tilnefningarnefnd skulu lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.

Starfsreglur tilnefningarnefndar skulu samþykktar á hluthafafundi.“

Greinargerð með tillögu: Stjórn og tilnefningarnefnd hafa farið yfir starfsreglur nefndarinnar og ákvæði samþykktar er varðar nefndina með heildstæðum hætti í kjölfar þeirrar reynslu sem fengin hefur verið af undirbúningi stjórnarkjörs frá því að nefndin var stofnuð. Lagt er til að ákvæði samþykktar sem fjallar um tilnefningarnefnd verði einfaldað og gert „sígilt“ svo að ekki þurfi að breyta samþykktum ef breyta þurfi verkefnum eða starfsháttum tilnefningarnefndarinnar. Starfi og verkefnum nefndarinnar verði svo nánar lýst í starfsreglum nefndarinnar, sem áfram verða samþykktar á hluthafafundi.

Tillaga V: Lagt er til að 4. mgr. 19. gr. verði breytt með þeim hætti að framboðsfrestur verði skemmst 5 dagar (er nú 14 dagar). Ákvæði 4. mgr. 13. gr. muni því eftirleiðis orðast svo:

„Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til stjórnarkjörs skulu tilkynna tilnefningarnefnd um framboð sitt skemmst fimm dögum fyrir hluthafafund á þar til gerðu eyðublaði. Tilnefningarnefnd skal fara yfir framboðstilkynningar og gefa hlutaðeigandi með sannanlegum hætti kost á því að bæta úr þeim göllum sem eru á tilkynningunni innan tiltekins frests. Upplýsingar um framboðendur til stjórnar skulu lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.“

Greinargerð með tillögu: Lagt er til að framboðsfresti verði breytt til samræmis við ákvæði laga um hlutafélög nr. 2/1995. Með breyttu fyrirkomulagi er varðar störf tilnefningarnefndar er óþarft að víkja frá lögnum með lengri framboðsfresti.

Dagskrárliður 7

Tillögur um breytingar á starfsreglum tilnefninganefndar

Stjórn leggur til að starfsreglum tilnefninganefndar verði breytt með þeim hætti sem lagt er til af stjórn félagsins. Drög að breyttum starfsreglum tilnefninganefndar fylgja ályktunartillögum þessum.

Greinargerð: Stjórn hefur yfirfarið starfsreglur nefndarinnar m.t.t. þeirrar reynslu sem komin er á reglurnar. Þær hafa verið gerðar ítarlegri og lýsa betur þeirri umgjörð sem stjórn og tilnefninganefnd telja að æskileg sé til að starf nefndarinnar megi vera sem skilvirkast og skýrast lýst. Helstu breytingar eru þær að:

- Í gr. 2.1. um hlutverk og markmið nefndarinnar, er talað um „aðila sem tilnefndir hafa verið“ eða „frambjóðendur“ í stað fyrra orðalags sem var „tilvonandi stjórnarmenn“.
- Bætt er við lýsingum á verkefnum og hlutverki nefndarinnar í gr. 2.1. og flæði á verkefnum nefndarinnar betur tilgreint.
- Bætt er inn ákvæði um hvernig fer um verkefni nefndarinnar ef stjórnarkjör ber upp á öðrum fundi en aðalfundi.
- Fjöldi nefndarmanna er festur sem þrír, og skal stjórnarmönnum ekki heimilt að sitja í nefndinni.
- Bætt er við ítarlegri ákvæðum í kafla 3 um skipan nefndarinnar.
- Bætt er inn ákvæðum um samskipti við stjórn og hluthafa, auk þess að skýra það ákvæði m.t.t. aðgengi að starfsmönnum og gögnum félagsins.
- Bætt er inn nýju ákvæði um gerð starfsáætlunar og kostnaðaráætlunar sem skal bera undir stjórn.

Dagskrárliður 8

Ákvörðun um þóknun til stjórnar, undirnefnda stjórnar og tilnefninganefnd

Lagt er til að mánaðarleg stjórnarlaun verði kr. 410.000,- fyrir almennan stjórnarmann og tvöföld þóknun fyrir formann. Varastjórnarmenn fái greidda eingreiðslu að fjárhæð kr. 410.000,- í upphafi starfsárs og að auki kr. 115.000,- fyrir hvern fund sem þeir mæta á. Þóknun fyrir störf í undirnefndum og tilnefninganefnd verði kr. 95.000 fyrir hvern formlegan fund nefndar og tvöföld þóknun fyrir formann nefndar.

Greinargerð:

Lagt er til að þóknun stjórnar og undirnefnda verði óbreytt frá fyrra ári.

Dagskrárliður 9

Kosning til stjórnar félagsins

Stjórn félagsins leggur til að kosnir verði fimm aðalmenn til stjórnar og tveir til vara fyrir komandi starfsár. Eyðublað vegna framboðs má finna á vefsíðu félagsins, www.vis.is/fjarfestar. Framboðsfrestur til setu í stjórn VÍS rennur út kl. 16:00 þann 6. mars nk. Senda skal undirritað eyðublað á tölvupóstfangið stjorn@vis.is eða skila á skrifstofu félagsins að Ármúla 3 í Reykjavík fyrir fyrrgreindan tíma. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnarsetu verða lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund. Upplýsingarnar verða auk þess aðgengilegar á vefsíðu félagsins.

Dagskrárliður 10

Kosning endurskoðunarfélags

Stjórn leggur til að staðfest verði að PricewaterhouseCoopers ehf. verður áfram endurskoðunarfélag VÍS.

Greinargerð:

PricewaterhouseCoopers ehf. var á aðalfundi 2018 kjörið endurskoðunarfélag VÍS til fimm ára í samræmi við 4. mgr. 70. gr. laga um váttryggingastarfsemi, en ekki er heimilt að kjósa annað endurskoðunarfélag fyrr en við lok 5 ára kjörtímabils nema að fengnu álitni endurskoðendaráðs, sem ekki var ástæða til að afla.

Dagskrárliður 11

Kosning tilnefningarnefndar

Stjórn félagsins leggur til að kosnir verði þrír nefndarmenn til tilnefningarnefndar félagsins fyrir komandi starfsár. Eyðublað vegna framboðs má finna á vefsíðu félagsins, www.vis.is/fjarfestar. Framboðsfrestur til setu í tilnefningarnefnd VÍS rennur út kl. 16:00 þann 15. mars nk.

Dagskrárliður 12

Tillaga um heimild félagsins til að kaupa eigin hluti

Stjórn félagsins leggur fram eftirfarandi tillögu til samþykktar á aðalfundi félagsins:

„Stjórn félagsins er heimilt að kaupa á næstu 12 mánuðum hluti í félaginu, í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun, þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum fullnægðum, allt að 10% af hlutafé þess. Heimild til endurkaupa á eigin hlutum í þeim tilgangi að lækka hlutafé er háð samþykki Fjármálaeftirlitsins. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrir- liggjandi óháða kauptilboði í Kauphöll Íslands, hvort sem er hærra. Slík kaup eru þó heimil ef þau eru gerð af viðskiptavaka skv. 116. gr. laga um verðbréfavíðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfavíðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga.“

Greinargerð með tillögu:

Stjórn óskar eftir nýrri heimild til endurkaupa á eigin hlutum. Vakin er athygli hluthafa á því að lagarammi váttryggingafélaga gerir nú ráð fyrir fyrirfram samþykki Fjármálaeftirlitsins til endurkaupa á eigin hlutum í því skyni að lækka hlutafé. Lækkun hlutafjár í kjölfar endurkaupa verður ekki framkvæmd nema að fengnu samþykki hluthafafundar og Fjármálaeftirlitsins.

Dagskrárliður 13

Önnur mál löglega fram borin